

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 21. maí 2019 í máli nr. E-2611/2017:

**Landsbankinn hf.**

*(Bjarni Þór Óskarsson lögmaður)*

**gegn**

**Yutong Eurobus ehf. og**

**Benedikt Gísli Guðmundssyni**

*(Bjarki Þór Sveinsson lögmaður)*

Mál þetta var höfðað 14. ágúst 2017 og dómtekið 2. apríl 2019. Stefnandi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, en stefndu eru Yutong Eurobus ehf., [...], og Benedikt Gísli Guðmundsson, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 21.897.738 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 4.908.524 krónum frá 15. ágúst 2016 til 30. desember 2016 og af 21.897.738 krónum frá 30. desember 2016 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndu krefjast *aðallega* hvor um sig sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara* krefjast stefndu hvor um sig að þeir verði dæmdir sameiginlega til að greiða stefnanda 5.971.230 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá dómsuppsögu til greiðsludags. Þá krefjast stefndu málskostnaðar.

I.

i)

Forsaga málsins er sú að 26. júlí 2007 gerðu Landsbanki Íslands hf. og stefndi, Yutong Eurobus ehf., sem lántakandi, með sér lánsamning nr. 8807 um fjölmyntalán til þriggja ára að jafnvirði 30.000.000 króna í myntinni EUR 100%. Samkvæmt lánsamningnum skyldi fjárhæð gjaldmiðilsins ákvarðast tveimur virkum bankadögum fyrir útborgunardag lánsins. Greiddi lántaki afborganir, vexti og dráttarvexti eða aðrar greiðslur í íslenskum krónum skyldi hann greiða samkvæmt sölugengi bankans á gjalddaga. Lántaki skyldi greiða bankanum lántökugjald sem væri 0,50% af heildarlánsfjárhæðinni og skyldi það dragast frá við útborgun lánsins, sbr. gr. 6.1 í samningnum. Lántaki skyldi greiða kostnað við skjalagerð, sbr. gr. 6.2. Lánið bar að greiða að fullu á næstu þremur árum með níu jöfnum afborgunum á fjögurra mánaða fresti. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta skyldi vera 1. júlí 2008, sbr. gr. 2.1 í samningnum.

Lántaki lofaði að greiða bankanum vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 2,85% vaxtaálags, sbr. gr. 3.1. Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum var átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir voru auglýstir kl. 11:00 f.h. að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters eða sambærilega vexti eins og þeir birtust á síðu 3750 á Dow Jones Telerate-skjá tveimur virkum dögum fyrir hvert vaxtatímabil, sbr. gr. 3.2 í samningnum.

Samkvæmt grein 3.3 skyldu vextir reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á gjalddögum eins og fram kemur í grein 2.1. Vextirnir skyldu greiðast á fjögurra mánaða fresti út lánstímann, í fyrsta skipti þann 1. júlí 2008. Við vaxtaútreikning skyldi taka mið af þeim vaxtareglum er vörðuðu dagafjölda sem í gildi væru á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum á hverjum tíma, sbr. grein 3.4.

Stæði lántaki ekki skil á greiðslu vaxta eða afborgunar á gjalddaga bar honum að greiða dráttarvexti, samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Bankinn skyldi hafa val um það hvort krafist yrði dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynt eða af skuldinni breyttri í íslenskar krónur, sbr. gr. 7.1. Kæmi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum skuldbatt lántaki sig til þess að greiða bankanum, auk vaxta og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, allan kostnað sem bankinn legði út í vegna vanefndanna, málssóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða annars sem bankanum bæri að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu lánsins, sbr. gr. 2.5.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta samningsins, tókst stefndi, Benedikt Gísli Guðmundsson, á hendur sjálfskuldarábyrgð á fullum efdum allra skuldbindinga skv. samningnum. Sjálfskuldarábyrgðin tók til greiðslu höfuðstóls allra lánshluta, auk vaxta dráttarvaxta og vaxtavaxta, svo og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Ábyrgðin gildi jafnt þótt greiðslufrestur yrði veittur á skuldbindingum skv. samningnum einu sinni eða oft, uns skuldin yrði að fullu greidd, sbr. gr. 10.1 í samningnum.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta samningsins setti stefndi, Yutong Eurobus ehf., stefnanda að veði fasteignina Hafnargötu 9, Stokkseyri, með útgáfu tryggingarbréfs nr. 0152-63-520666, sbr. gr. 10.2 í lánssamningnum.

Skilyrði fyrir útborgun lánsins var að stefnanda myndi berast beiðni um útborgun, sbr. gr. 1.2. Stefnanda barst slík beiðni þann 26. júlí 2007. Í kjölfarið voru greiddar 29.840.000 krónur í samræmi við viðauka 1 og ákvæði samningsins.

Stefndi greiddi ekki af láninu 1. júlí 2008 og þann 13. ágúst 2008 var gerður viðauki við lánsamninginn, þar sem stefnandi og stefndi, Yutong Eurobus ehf., gerðu samkomulag um eftirfarandi breytingar á lánsamningnum:

Eftirleiðis verða eftirstöðvar láns þessa miðaðar við gengi eftirtalinna mynta, á gengi þess dags sem undirritaður og þinglýstur viðauki berst bankanum: EUR 100%. Lánstími skv. 2.1. skyldi breytast þannig að lán þetta bar að greiða að fullu með 8 – átta – jöfnum afborgunum á 4 – fjögurra – mánaða fresti. Næsti gjalddagi afborgana og vaxta verður 03.11.2008. Vextir reiknast frá 01.07.2008. Lántaki samþykkti að reikningur hans hjá Landsbanka Íslands hf., nr. 152-26-797, verði skuldfærður fyrir kostnaði við gerð viðauka þessa. Að öðru leyti en að ofan greinir helst samningurinn óbreyttur.

Þann 16. mars 2009 var gerður nýr viðauki við lánsamninginn, þar sem stefndi, Yutong Eurobus ehf., og stefnandi gerðust ásáttir um eftirfarandi breytingar á lánsamningnum:

Greiðslu afborgana og vaxta skyldi vera frestað til 3. júlí 2009. Áfallnir vextir frá síðasta gjalddaga lánsins legðust við höfuðstól lánsins á fjögurra mánaða fresti og mynduðu nýjan höfuðstól. Að öðru leyti en að framan greinir helst samningurinn óbreyttur.

Þann 17. júlí 2009 var gerður þriðji viðauki við lánsamninginn, þar sem stefndi, Yutong Eurobus ehf., og stefnandi gerðu eftirfarandi breytingar á lánsamningnum:

1) Tímabundin breyting á endurgreiðsluferli. Á tímabilinu frá 3. júlí 2009 til og með 3. mars 2010 samþykkti lántaki að greiða bankanum fasta greiðslu, 986.784 krónur, á fjögurra mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 3. júlí 2009. Samanlögð árleg fjárhæð greiðslna skyldi samsvara 8% af upphaflegum höfuðstól lánsins, verðbættum með vísitölu neysluverðs frá lánökudegi.

2) Hækkun vaxtaálags. Vextir skv. gr. 3.1 breyttust þannig að lántaki lofaði að greiða bankanum vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 3,75% vaxtaálags. Að öðru leyti en að framan greinir helst samningurinn óbreyttur. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., samþykkti að reikningur hans hjá Landsbankanum nr. 0152-26-797 yrði skuldfærður fyrir kostnaði við gerð viðaukans.

Þann 18. nóvember 2010 var gerður fjórði viðauki við lánsamninginn, þar sem Landsbankinn, lántaki og sjálfskuldarábyrgðaraðili gerðu eftirfarandi breytingar á lánsamningnum:

1) Breyting á endurgreiðsluferli. Lánið bar að endurgreiða með 12 afborgunum sem greiddust þannig: Á tímabilinu frá 3. apríl 2010 til og með 3. mars 2011 samþykkti lántaki að greiða bankanum fasta greiðslu, 250.000 kr., á eins

mánaðar fresti, í fyrsta skipti þann 3. apríl 2010. Landsbankinn reiknaði út greiðslubyrði í samræmi við framangreindar forsendur. Greiðsla lántaka skyldi innt af hendi í íslenskum krónum. Fjárhæðin ráðstafaðist fyrst til greiðslu áfallinna vaxta og síðan til greiðslu höfuðstóls lánsins. Á lokagjalddaga lánsins þann 3. apríl 2011 skyldi lántaki greiða eftirstöðvar lánsins með einni greiðslu afborgunar og áfallinna vaxta.

2) Hækkun vaxtaálags. Vextir skv. gr. 3.1 breyttust þannig að lántaki lofaði að greiða bankanum vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 4,25% vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast frá 3. apríl 2010. Að öðru leyti en að framan greinir hélst samningurinn óbreyttur. Lántaki samþykkti að reikningur hans hjá Landsbankanum nr. 0152-26-797 yrði skuldfærður fyrir kostnaði við gerð viðaukans.

Í eftirfarandi töflu er lýst greiðslum stefnda, Yutong Eurobus ehf., af láninu áður en það var endurútreiknað miðað við 29. nóvember 2011:

Greiðslud.	Höfuðstóll	Vextir	Vanskil	Gjöld	Heildargreiðsla
19.8.2008	0	0	0	5.000	5.000
3.11.2008	7.759.469	1.691.456	0	0	9.450.925
27.7.2009	0	0	0	10.000	10.000
19.11.2009	948.585	0	87.605	0	1.036.190
7.12.2009	983.113	0	22.350	900	1.006.363
3.2.2010	41.870	0	1.135	0	43.005
19.11.2010	89.967	910.030	0	10.000	1.009.998
28.12.2010	124.859	1.106.506	16.095	900	1.248.360
30.12.2010	13.558		5		13.563
27.1.2010	5.269	242.064	947	900	249.179
15.2.2011	10.962	236.827	490	900	249.180
25.3.2011	16.321	231.027	931	900	249.180
12.4.2011	18.497	158.873	70.909	900	249.180
				Samtals	14.820.123 kr.

ii)

Þann 30. ágúst 2011 sendi stefnandi bréf til stefnda, Yutong Eurobus ehf., þar sem fram kom að í desember 2010 hefði Alþingi samþykkt breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem kvæðu á um endurútreikning lána með ólögumætri gengistryggingu. Þar kom fram að það væri mat stefnanda að lán samkvæmt lánssamningi nr. 8807 kvæði á um slíka gengistryggingu. Í samræmi við ákvæði laganna voru eftirstöðvar lánsins endurútreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birtir, sbr. 10. gr. sömu laga. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning voru 59.425.220 krónur og eftir endurútreikning 29.437.239 krónur. Endurútreikningur lánsins miðaðist við 29. ágúst 2011.

Þann 22. október 2012 var gerður fimmti viðauki við lánssamninginn, þar sem kom fram að gjaldfallnar afborganir lánsins væru 29.426.783 krónur og

vextir, verðbætur og dráttarvextir 1.420.915 krónur, sem mynduðu nýjan höfuðstól að fjárhæð 30.847.698 krónur. Voru gerðar eftirfarandi breytingar á greiðsluskilmálaum lánsins: Lánstími skyldi vera 10 ár og fjöldi afborgana skyldi vera 10. Gjaldldagi fyrstu afborgunar skyldi vera 15. ágúst 2013. Fjöldi vaxtagjaldldaga skyldi vera 10. Gjaldldagi fyrstu vaxtagreiðslu skyldi vera 15. ágúst 2013. 12 mánuðir skyldu vera á milli gjaldldaga. Vextir skyldu reiknast frá 21. mars 2012. Við undirritun viðaukans hafði stefndi, Yutong Eurobus ehf., þegar greitt til bankans 5.000.000 króna og skyldi þeirri fjárhæð ráðstafað þannig að fyrst greiddist skjalagerðargjald, síðan 1% lántökugjald og því næst greiddust eftirstöðvar fjárhæðarinnar inn á lánið miðað við 15. ágúst 2012. Vextir frá 21. mars 2012 til 15. ágúst 2012 bættust svo við höfuðstól og mynduðu þar með nýjan höfuðstól lánsins. Við vaxtaútreikning og útreikning vanskilavaxta skyldi miðað við að 30 dagar væru í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Að öðru leyti héldust ákvæði lánsamningsins óbreytt. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., samþykkti að reikningur hans hjá Landsbankanum nr. 0152-26-797 yrði skuldfærður fyrir kostnaði við gerð viðaukans.

Í 11. gr. lánsamningsins er að finna uppsagnarákvæði samningsins. Þar er gjaldfellingarákvæði sem heimilar stefnanda að uppfylltum tilgreindum skilyrðum að fella lán samkvæmt samningnum í gjaldldaga einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar. Þessi heimild er m.a. fyrir hendi ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað í 14 daga eða lengur, sbr. a. lið gr. 11.1 í samningnum. Í öllum tilvikum gjaldfellingar samkvæmt gr. 11.1 bæru allar skuldir dráttarvexti í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð.

Eftir endurútreikning lánsins greiddi stefndi, Yutong Eurobus ehf., eftirfarandi greiðslur auk þess sem hann hafði, eins og áður segir, greitt 5.000.000 króna fyrir undirritun fimmta viðaukans:

Dags. greiðslu	Innborgun á höfuðstól	Vextir	Samtals greiðsla
15.08.2012	4.681.523		4.681.523
15.08.2013	2.744.087	2.941.814	5.685.901
18.08.2014	2.744.087	2.654.904	5.398.991
15.8.2015	2.744.087	2.279.970	5.024.057
Samtals:	12.913.784 kr.	7.876.688 kr.	20.790.472 kr.

iii)

Þann 10. desember 2014 var stefnda, Yutong Eurobus ehf., sent bréf þar sem kom fram að með dómum í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012 hefði Hæstiréttur komist m.a. að þeirri niðurstöðu að fyrir þau gengistryggðu lán sem þar var fjallað um ætti endurútreikningur að taka mið af greiddum vöxtum samkvæmt fullnaðarkvittunum fyrir þann tíma sem lánin voru í skilum. Segir í bréfinu að eitt af þeim skilyrðum sem Hæstiréttur hafi vísaði til í dómafordæmum sínum hafi verið að ákveðin festa, með tilliti til endurgreiðslna í samræmi við upphaflega skilmála lánsins, hefði verið á endurgreiðslum á láninu. Kom fram í bréfinu það mat stefnanda, með tilliti til þess hvernig háttáð hefði verið endurgreiðslu stefnda, Yutong Eurobus ehf., á láninu, að ekki hefði verið komin næg festa til að réttlæta frekari leiðréttingar á láninu eða aldrei hefði verið greitt af láninu og því engar fullnaðarkvittanir fyrir hendi sem hægt væri að leiðrétta eftir, og var í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar nr. 337/2013.

iv)

Stefndu voru send innheimtubríf þann 30. nóvember 2016, þar sem skorað var á þá að semja um eða greiða skuldina, að fjárhæð 22.652.331 króna að meðtöldum kostnaði og vöxtum. Áður hafði lögmaður stefnda, Yutong Eurobus ehf., óskað eftir því með tölvuskeyti, dags. 28. ágúst 2015, til stefnanda að veittar yrðu upplýsingar um allar greiðslur á grundvelli lánanna, sundurliðaðar í afborganir, vexti og kostnað og í hvaða myntum greiðslurnar voru greiddar. Einnig var óskað eftir endurútreikningi stefnanda sem þegar hefðu verið gerðir og forsendum þeirra. Var erindi þetta ítrekað 14. september og 30. október 2015 og 20. maí, 9. júní og 13. september 2016.

v)

Með matsbeiðni, dags. 14. júní 2018, óskaði stefndi, Yutong Eurobus ehf., eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður til að reikna út höfuðstól og vexti lánsamnings milli stefnanda og stefnda, Yutong Eurobus ehf., miðað við þá forsendu að festa hefði verið komin á greiðslur matsbeiðanda þannig að dómar Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 væru fordæmisgefandi. Er tekið fram í matsbeiðni að við endurútreikning stefnanda á láninu hafi verið miðað við stýrivexti Landsbankans en ekki umsamda vexti á þær greiðslur sem inntar höfðu verið af hendi af hálfu stefnda, Yutong Eurobus ehf. Hafi þetta leitt til þess að endurreiknaður höfuðstóll hafi reiknast hærri en samkvæmt aðferðafræði stefnda, Yutong Eurobus ehf. Var Bjarki Rafn Eiríksson viðskiptafræðingur dómkvaddur hinn 7. september 2018, til að framkvæma umbeðið mat. Var óskað eftir að matsmaður svaraði eftirfarandi spurningum:

1. Hver hefði verið ógreiddur höfuðstóll lánasamnings nr. 8807 milli matsbeiðanda og matsþola þann 29. ágúst 2011 að gefinni þeirri forsendu að þær greiðslur sem inntar voru af hendi fyrir breytingu á lögum nr. 38/2001, hafi talist fullnaðargreiðslur á stöðu lánsins og matsþola því óheimilt að bæta við frekari vöxtum við endurútreikninginn.
2. Hver væri uppreiknaður höfuðstóll, að teknu tilliti til afborgana matsbeiðanda og annarra viðeigandi atriða, skv. spurningu 1 til 31. ágúst 2017 (málshöfðunardagur).

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Einar Pétursson, starfsmaður stefnanda, og dómkvaddur matsmaður, Bjarki Rafn Einarsson.

## II.

### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi tekur fram að gerðir hafi verið margir viðaukar við upphaflegan lánessamning. Lánið hafi verið í erlendri mynt og hafi verið endurreiknað. Fylgt hafi verið dómafordæmum Hæstaréttar við þann útreikning. Ekki hafi verið næg festa á greiðslum stefnda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 14. nóvember 2013 í máli nr. 337/2013, og endurútreikningurinn á lánessamningi stefnda ekki verið leiðréttur. Þá telur stefnandi að matsgerð hafi enga þýðingu fyrir úrlausn málsins, m.t.t. til þeirra forsendna sem lagðar voru fyrir matsmann um festu og fullnaðarkvittanir.

Stefnandi byggir á því að elsti ógreiddi gjalddagi lánsins hafi verið 15. ágúst 2016. Gjaldfallin staða lánsins þann dag væri 4.908.437 krónur sem sundurliðaðist svo:

Gjaldfallin afborgun höfuðstóls 2.744.087 krónur

Gjaldfallnir sammingsvextir 2.164.437 krónur (f. tímabilið 15. ágúst 2015 til 15. ágúst 2016).

Þann 30. nóvember 2016 hafi stefnandi gjaldfellt lánið. Staða skuldarinnar þann dag hafi verið 21.897.738 krónur sem sé stefnufjárhæð málsins auk dráttarvaxta og kostnaðar. Sú fjárhæð sundurliðist á eftirfarandi hátt: Eftirstöðvar höfuðstóls 19.208.609 krónur og sammingsvextir 2.689.129 krónur fyrir tímabilin 15. ágúst 2015 til 15. ágúst 2016 og 15. ágúst 2016 til 30. nóvember 2016.

Stefndu voru send innheimtubréf þann 30. nóvember 2016 og er krafist dráttarvaxta af allri fjárhæðinni mánuði frá þeim degi, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

### *2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndu taka fram að það sé óumdeilt á milli málsaðila að umrætt lán hafi verið bundið ólögumætri gengistryggingu og að stefnandi hafi endurreiknað lánið af þeim sökum 29. ágúst 2011. Samkvæmt endurútreikningnum hafi eftirstöðvar lánsins verið lækkaðar um 50,46% og eftirstöðvar þess endurútreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti. Samkvæmt endurútreikningunum hafi eftirstöðvarnar numið 29.437.239 krónum. Stefndu telja að í þeirri fjárhæð hafi ranglega verið meðtalinn mismunur á annars vegar vöxtum samkvæmt lögum nr. 38/2001 og hins vegar erlendum vöxtum frá stofndegi kröfunnar, og að stefndi hafi lagt þennan mismun við ógreiddan höfuðstól lánsins.

Stefndu taka fram að fyrrgreindur endurútreikningur hafi verið lagður til grundvallar þegar samið var um breytta skilmála lánsins þann 22. október 2012. Stefndu telja að Yutong Eurobus ehf. hafi af þessum sökum verið gert að greiða hærri vexti en ef rétt hefði verið staðið að endurútreikningi lánsins 29. ágúst 2011. Félagið hafi á tímabilinu 15. ágúst 2012–15. ágúst 2016 greitt samtals 20.790.472 krónur í vexti og innborgun á höfuðstól.

Stefndu krefjast sýknu í fyrsta lagi á þeim grunni að þeir hafi ekki fengið upplýsingar um fjárhæð þess mismunar sem lagður var við höfuðstól kröfunnar 29. ágúst 2011, þrátt fyrir að hafa ítrekað óskað eftir upplýsingum um endurútreikning lánsins, sbr. tölvuskeyti sem þeir sendu fyrst í ágúst 2015 til stefnanda og síðast í september 2016. Stefndu telja að stefnandi eigi ekki rétt á frekari greiðslu þar sem hann geri á þá viðbótarkröfu um vexti fyrir liðna tíð sem þegar hafi verið greiddir að fullu.

Í öðru lagi er því byggt að stefndi, Yutong Eurobus ehf., hafi verið í góðri trú um að með vaxtagreiðslum til stefnda væri hann að efna að fullu skyldur sínar að þessu leyti, og að augljós aðstöðumunur hafi verið með aðilum.

Þá telja stefndu í þriðja lagi að nægileg festa hafi myndast í lögskiptum aðila til að réttlæta frekari leiðréttingar á láninu, gagnstætt því sem stefnandi hafi byggt á. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., hafi greitt af láninu í samræmi við upphaflega skilmála og viðauka í næstum því þrjú ár áður en lánið var endurútreiknað og haldið því í skilum þar til það var gjaldfellt 30. nóvember 2016.

Með vísan til framangreinds og dómaframkvæmdar Hæstaréttar telja stefndu að stefnandi hafi reiknað hinn nýja höfuðstól að fjárhæð 29.437.239 krónur hinn 29. ágúst 2011 með röngum hætti. Það hafi leitt til þess að stefnda, Yutong Eurobus ehf., hafi verið gert að greiða af láninu umfram skyldu.

Varakröfu sína reisir stefndi á niðurstöðu matsmanns í svari við spurningu 2 í matsbeiðni að frádregnum dráttarvöxtum þar sem niðurstaðan var að staða skuldabréfsins 31. ágúst 2017 væri 5.971.230 krónur án dráttarvaxta.

### III.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um greiðslu eftirstöðva lánessamnings sem stefnandi og stefndi, Yutong Eurobus ehf., gerðu með sér 26. júlí 2007. Málsaðila greinir m.a. á um það hvort stefnanda hafi við endurútreikning lánessamnings aðila á árinu 2012 verið heimilt að leggja til grundvallar mismun á umsömdum vöxtum sem stefndi, Yutong Eurobus ehf., hafði greitt af hinu ólögmeta gengisláni og þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001.

Umræddur lánessamningur var um fjölmyntalán til þriggja ára að jafnvirði 30.000.000 króna. Samkvæmt samningnum skyldi lánið greiðast með níu afborgunum á fjögurra mánaða fresti og var fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta 1. júlí 2008. Gerðir voru fimm viðaukar við samninginn, þ.e., 13. ágúst 2008, 16. mars 2009, 17. júlí 2009, 18. nóvember 2010 og sá síðasti 22. október 2012, eftir endurútreikning lánsins.

Þann 30. ágúst 2012 tilkynnti stefnandi stefnda, Yutong Eurobus ehf., að lánið hefði verið endurútreiknað miðað við 29. ágúst 2011, í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2011 um vexti og verðtryggingu og miðað hefði verið við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabanka Íslands. Í kjölfarið var gerður fyrrgreindur viðauki við lánessamning aðila, sem undirritaður var 22. október 2012, og voru gjaldfallnar afborganir lánsins þá 29.426.783 krónur og vextir, verðbætur og dráttarvextir 1.420.915 krónur, sem mynduðu nýjan höfuðstól að fjárhæð 30.847.698 krónur. Var lánstíminn framlengdur í 10 ár og með 10 jöfnum afborgunum. Var gjalddagi fyrstu afborgunar og vaxtagreiðslu 15. ágúst 2013. Við undirritun viðaukans greiddi stefndi, Yutong Eurobus ehf., 5.000.000 króna sem var ráðstafað fyrst til greiðslu kostnaðar og því næst greiddust eftirstöðvar fjárhæðarinnar inn á lánið miðað við 15. ágúst 2012. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., greiddi innborganir á höfuðstól og vexti á næstu gjalddögum 15. ágúst 2013, 18. ágúst 2014 og 15. ágúst 2015 í samræmi við viðaukann. Stefndi innti ekki af hendi greiðslu á gjalddaga 15. ágúst 2016 og er það elsti ógreiddi gjalddagi lánsins samkvæmt viðaukanum. Í kjölfarið gjaldfelldi stefnandi lánið 30. nóvember 2016. Staða skuldarinnar þann dag var 21.897.738 krónur, sem er stefnufjárhæð málsins, þ.e.a.s. 19.208.609 krónur sem eru eftirstöðvar höfuðstóls og 2.689.129 krónur í samningsvexti.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að við fyrrgreindan endurútreikning lánsins, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að eftirstöðvar þess hefðu numið 29.437.239 krónum, hafi ranglega verið meðtalinn mismunur á annars vegar vöxtum samkvæmt lögum nr. 38/2001 og hins vegar erlendum vöxtum frá stofndegi kröfunnar, og að stefnandi hafi lagt þennan mismun við ógreiddan höfuðstól lánsins. Þessi útreikningur hafi síðan verið lagður til grundvallar þegar samið var um breytta skilmála lánsins 22. október 2012. Af þessum sökum hafi stefnda,

Yutong Eurobus ehf., verið gert að greiða hærri vexti en ef rétt hefði verið staðið að endurútreikningi lánsins. Stefndi hafi nú greitt 20.790.472 krónur í vexti og innborgun á höfuðstól eftir endurútreikninginn og stefnandi eigi því ekki rétt á frekari greiðslu þar sem hann krefji stefndu um viðbótarvexti sem séu að fullu greiddir. Stefndu hafi verið í góðri trú um að nægileg festa hefði myndast í lögskiptum aðila til að réttlæta frekari leiðréttingu á láninu í samræmi við upphaflega skilmála og viðauka í næstum þrjú ár áður en lánið var endurútreiknað og hafi haldið því í skilum þar til það var gjaldfellt 30. nóvember 2016.

Eins og áður segir mælti lánsamningur aðila fyrir um veitingu láns að fjárhæð 30.000.000 króna sem skyldi greiða á næstu þremur árum með níu jöfnum afborgunum á fjögurra mánaða fresti. Vexti skyldi greiða frá útborgunardegi lánsins og skyldu þeir greiðast eftir á á sömu gjalddögum, í fyrsta sinn 1. júlí 2008. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., greiddi ekki af láninu á fyrsta gjalddaga þess, 1. júlí 2008. Var gerður viðauki við lánsamninginn 13. ágúst 2008, þar sem m.a. lánstíma var breytt. Greiddi stefndi, Yutong Eurobus ehf., fyrst af láninu þann 3. nóvember 2008. Ekki voru fleiri greiðslur á því ári. Gerður var annar viðauki við lánsamninginn 16. mars 2009, þar sem greiðslu afborgana og vaxta var frestað til 3. júlí 2009, og þeir lagðir við höfuðstól lánsins. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., greiddi ekki af láninu á umsömdum gjalddaga og þann 17. júlí sama ár var þriðji viðauki við lánsamninginn gerður, þar sem stefndu samþykktu m.a tímabundna breytingu á endurgreiðslu sem fólst í því að greiða stefnanda fasta greiðslu að fjárhæð 986.784 krónur á fjögurra mánaða fresti, í fyrsta skipti 3. júlí 2009. Þá var vaxtaálag hækkað. Fyrsta greiðslan á árinu 2009 var innt af hendi 19. nóvember 2009, að fjárhæð 948.585 krónur auk vanskilaálags, og hin síðari 7. desember 2009, að fjárhæð 983.113 krónur auk vanskilaálags. Því næst var greitt 3. febrúar 2010, 41.870 krónur auk vanskilaálags. Þann 18. nóvember 2010 var fjórði viðaukinn gerður við lánsamning aðila þar sem endurgreiðsluferlinu var breytt og stefndi, Yutong Eurobus ehf., samþykkti á tímabilinu 3. apríl 2010 til og með 3. mars 2011 að greiða stefnanda fasta greiðslu, 250.000 krónur, á eins mánaðar fresti, í fyrsta skipti 3. apríl 2010. Þá var vaxtaálag hækkað. Stefndi, Yutong Eurobus ehf., greiddi þann 19. nóvember 2010 samtals 1.009.998 krónur, þar af voru 89.967 krónur greiddar af höfuðstól lánsins og 910.030 krónur í vexti, þann 28. desember 2010 greiddi stefndi 1.248.360 krónur, þar af 124.859 krónur af höfuðstól lánsins og 1.106.506 krónur í vexti, auk þess sem greitt var vanskilagjald og önnur gjöld, og 30. desember 2010 greiddi stefndi, Yutong Eurobus ehf., 13.558 krónur af höfuðstól lánsins. Þann 27. janúar, 15. febrúar, 25. mars og 12. apríl 2011 greiddi stefndi, Yutong Eurobus ehf., fjórar greiðslur, þá fyrstu að fjárhæð 249.179 krónur og hinar þrjár síðari að fjárhæð 249.180 krónur.

Ágreiningur aðila í máli þessu er í grundvallaratriðum hliðstæður þeim sem kom til úrlausnar meðal annars í dómum Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, 18. október 2012 í máli nr. 464/2012, 30. maí 2013 í máli nr. 50/2013, 14. nóvember 2013 í máli nr. 337/2013 og 16. janúar 2014 í máli nr. 661/2013. Eins og rakið er í síðastgreinda dóminum er það meginregla kröfuréttar að kröfuhafi sem hafi fengið minna greitt en hann á rétt til eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Frá þeirri meginreglu eru þær undantekningar, m.a., að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu, en tilkalli hans um viðbótargreiðslu verði þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður. Að baki undantekningunum búa sjónarmið um öryggi í viðskiptum og að það geti haft í för með sér mikla röskun á fjárhagslegri stöðu skuldara að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum viðbótargreiðslum fyrir liðna tíð, þvert á væntingar sínar.

Við mat á því hvort svo standi á að efni séu til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu hefur í fyrsta lagi verið litið til þess hvort skuldari hafi verið í góðri trú og þannig hvorki vitað né mátt vita að greiðsla hans væri ófullnægjandi þegar hann innti hana af hendi. Ljóst er að greiðslur stefnda, Yutong Eurobus ehf., fyrir endurútreikning lánsins sem miðaðist við 29. ágúst 2011, hvort heldur er af höfuðstól lánsins eða vöxtum, voru ekki inntar af hendi á umsömdum gjalddögum, eins og fyrstu fjórir viðaukar við lánessamninginn gefa til kynna og yfirlit um greiðslur af láninu. Stefndu gátu því ekki verið í góðri trú um réttar efndir lánessamningsins.

Þá hefur í annan stað verið litið til þess hvort sá munur hafi verið á aðstöðu aðila að það réttlæti að hafna viðbótarkröfu og hvorum aðila stæði nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leiddu til þess að vangreitt var. Í þeim efnum hefur verið litið til þess hvort festa hafi verið komin á framkvæmd samnings, hversu langur tími hafi liðið frá því að mistök komu fram þar til krafa var höfð uppi, hvorum aðila megi fremur kenna um að mistök hafi orðið, hvort samningssamband sé í eðli sínu einfalt eða flókið og hvert sé umfang viðbótarkröfu. Öll eru þessi atriði, ásamt öðrum, til viðmiðunar og ekkert þeirra eitt getur ráðið úrslitum um hvort vikið skuli frá meginreglunni um að kröfuhafi eigi rétt til viðbótargreiðslu. Þar ræður heildarmat, en því verulegra sem óhagræði skuldarans yrði af viðbótargreiðslu, þeim mun sterkari eru rökin fyrir því að víkja frá meginreglunni, sbr. fyrrgreindan dóm 16. janúar 2014 í máli nr. 661/2013.

Við mat á því hvort fallast beri á kröfu stefndu og víkja þannig frá fyrrgreindri meginreglu kröfuréttar verða áðurgreindar staðreyndir um framkvæmd lánessamningsins lagðar til grundvallar. Áður en lánið var endurreiknað höfðu verið gerðir fjórir viðaukar við upphaflegan lánessamning aðila þar sem gjalddögum og

afborgunum af greiðslu höfuðstóls og vöxtum var breytt. Samkvæmt viðaukunum og greiðslum sem stefndi Yutong Eurobus ehf. innti af hendi, er ljóst að fyrir endurútreikning lánsins hafði ekki myndast sú festa við framkvæmd lánsammansins að réttlætt geti frávik frá meginreglunni. Þá verður ekki, eins og atvikum er háttáð, talið að stefndu hafi verið í góðri trú um að með greiðslum stefnda Yutong Eurobus ehf. til stefnanda hefðu þeir efnt að fullu skyldur sínar. Auk þess verði af gögnum málsins ekki annað ráðið en að stefndu hafi verið ljóst með hvaða hætti staðið var að endurútreikningi lánsins á árinu 2012, þegar þeir undirrituðu fimmta viðauka við lánsamninginn þar sem fram koma gjaldfallnar afborganir lánsins og vextir samkvæmt endurútreikningum. Samkvæmt framansögðu verður ekki á það fallist að í dómkröfu stefnanda felist krafa um greiðslu vaxta fyrir liðna tíð sem þegar hafi verið greiddir að fullu. Með sömu rökum er hafnað varakröfu stefndu.

Samkvæmt framansögðu er fallist á dómkröfu stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber stefndu sameiginlega að greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til frávísunarþáttar málsins.

Af hálfu stefnanda flutti málið Arndís Sveinbjörnsdóttur lögmaður.

Af hálfu stefndu flutti málið Jörgen Már Ágústsson lögmaður

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D Ó M S O R Ð:

Stefndu, Yutong Eurobus ehf. og Benedikt Gísli Guðmundssyni, ber sameiginlega að greiða stefnanda, Landsbankanum hf., 21.897.738 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 4.908.524 krónum frá 15. ágúst 2016 til 30. desember 2016 og af 21.897.738 krónum frá 30. desember 2016 til greiðsludags.

Stefndu ber að greiða stefnanda sameiginlega 800.000 krónur í málskostnað.